

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá nr. 993/2005 fyrir Klúbbinn Strók.

1. gr.

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt eftirfarandi breytingu á skipulagsskrá sjóðsins:

7. gr. skipulagsskrárinnar verði svohljóðandi:

Stjórn stofnunarinnar skal velja einn eða fleiri löggilta endurskoðendur/skoðunarmenn til að endurskoða reikninga stofnunarinnar fyrir hvert starfsár. Endurskoðendur má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna stofnunarinnar.

2. gr.

Ofangreind breyting á skipulagsskrá fyrir Klúbbinn Strók, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

F.h. sýslumannsins á Norðurlandi vestra, 27. desember 2018,

Björn Ingi Óskarsson.

Auður Steingrimsdóttir.